

Stolt Sea Farm Iceland hf.
Vitabraut 7
233 Reykjanesbæ

19. júní 2025, Reykjavík
UOS2506195
07.07.00

Áform um veitingu bráðabirgðaheimildar – Stolt Sea Farm Iceland hf. Reykjanesi

Umhverfis- og orkustofnun vísar til erindis Stolt Sea Farm Iceland hf., dags. 13. júní 2025, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir landeldi á senegalflúru og gullinrafa, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun tók ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Stolt Sea Farm Iceland hf. þann 11. júní 2024 og gildir framlengingin þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út eða í síðasta lagi til 1. júlí 2025. Fram kemur í erindinu að sótt er um bráðabirgðaheimild til að hægt sé að halda áfram starfsemi á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu.

Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Umhverfis- og orkustofnun tók við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lögin, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfis- og orkustofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Í ljósi framangreinds, þess að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn, engin breyting er á starfseminni og fellur hún því utan laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, áformar Umhverfis- og orkustofnun að veita Stolt Sea Farm Iceland hf., kt. 610911-0480, bráðabirgðaheimild fyrir starfseminni á starfstöð fyrirtækisins að Vitabraut 7, 233 Reykjanesbæ. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en ár frá veitingu bráðabirgðaheimildarinnar.

Bráðabirgðaheimildin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Stolt Sea Farm Iceland hf. ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
2. Haga skal starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
3. Heimilt er að framleiða allt að 2.000 tonn á ári af senegalflúru og gullinrafa.
4. Rekstraraðili skal áfram fylgja ákvæðum starfsleyfis sem upphaflega var gefið út 22. júní 2012 en breytt 23. júní 2021 og er auglýst með áformum þessum.

Umhverfis- og orkustofnun fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með starfseminni. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja förmælum stofnunarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Umhverfis- og orkustofnun getur beitt úrræðum skv. XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar.

Umhverfis- og orkustofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en ár frá veitingu bráðabirgðaheimildarinnar. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.